

Leiðbeiningar um rafræna þáttöku

á aðalfundi Vátryggingafélags Íslands hf. þann 19. mars 2021

Rafræn þátttaka

Hluthafar eða umboðsmenn hluthafa, sem hafa hug á því að sækja aðalfund VÍS, hvort sem er rafrænt eða á staðnum, eru beðnir um að skrá sig á vefsíðunni www.smartagm.com eigi síðar en kl. 16.00 þann 18. mars, eða degi fyrir fundardag.

Allir hluthafar, hvort sem þeir mæta til fundarins í höfuðstöðvum félagsins eða taka þátt með rafrænum hætti greiða atkvæði í gegnum kosningakerfið Lumi AGM.

Vefstreymi

Vefstreymi af fundinum verður aðgengilegt í gegnum Lumi AGM snjallforritið/appið og í vafra. Getu hluthafar fylgst með því sem fram fer á fundinum og lagt fram skriflegar fyrirspurnir/ábendingar í gegnum Lumi AGM. Hluthafar eru beðnir um að gæta þess að þegar skriflegar fyrirspurnir/ábendingar eru lagðar fram að tilgreina við hvaða dagskrárlið þær eiga. Hluthafar eiga þess jafnframt kost að koma á framfæri fyrirspurnum/ábendingum áður en fundurinn hefst með því að senda þær á fjarfestatengsl@vis.is.


Aðgangur og atkvæðagreiðsla

Atkvæðagreiðsla á fundinum fer fram í gegnum starfrænt kosningakerfi sem ber heitið Lumi AGM. Hægt er að velja hvort farið er í gegnum vafra eða snjallforrit/app:

- Vafri – <https://web.lumiagm.com/>
- Snjallforrit/app – Nálgast þarf forritið LUMI AGM í App Store eða Play Store

Hluthafi skráir inn auðkenni fundarins (*Enter Meeting ID*) sem hann fær sent fyrir fundinn.

Hluthafi skráir sig inn með notendanafni (*Username*) og lykilorði (*Password*) sem hann fær sent fyrir fundinn.

Þegar táknið  er valið birtist listi með öllum tillögum fundarins og kosningavalmöguleikum. Hluthafar velja viðeigandi valmöguleika við hverja og eina tillögu eftir því hvernig þeir vilja kjósa. Þegar valmöguleiki hefur verið valinn birtast staðfestingarskilaboð. Ef hluthafi vill skipta um skoðun getur hann valið að nýju á meðan kosning er opin. Til að hætta við getur hluthafi valið *Cancel*.

Opnið verður fyrir forkosningu um þær tillögur sem liggja fyrir fundinum frá kl. 10 til kl. 14 á fundardegi. Ef lagðar eru fram breytingatillögur á fundinum telja ekki atkvæði sem greidd eru áður en fundur hefst vegna upprunalegrar tillögu. Náist ekki tilskilin kynjahlutföll í stjórn og það þarf að af leiðandi að endurtaka stjórnarkjör gilda ekki þau atkvæði sem greidd voru stjórnarmönnum í upphaflegri atkvæðagreiðslu. Atkvæði sem greidd eru áður en fundur hefst eru ekki sýnileg hlutafa eftir að fundurinn hefst. Atkvæðin hafa verið skráð og telja í niðurstöðum atkvæðagreiðslu. Hluthafar geta engu að síður greitt atkvæði að nýju um tillögur á meðan á fundi stendur. Síðasta atkvæði sem er greitt telur.

Til athugunar

Aðgangsauðkenni fyrir hluthafa vegna aðgangs að aðalfundi VÍS og til að greiða atkvæði í gegnum Lumi AGM eru á ábyrgð móttakanda eftir að hann hefur mótttekið þau. Móttakandi skal varðveita auðkennið tryggilega og gæta þess að aðrir hafi ekki aðgang að auðkenninu. Móttakandi ber ábyrgð á því að notast við örugga nettengingu þegar hann tekur þátt í fundinum og getur VÍS ekki borið ábyrgð á því ef lélegt netsamband truflar þátttöku hluthafa í fundinum.

Með vísan til 16. gr. samþykka félagsins og 1. mgr. 80. gr. a. laga nr. 2/1995 um hlutafélög hefur stjórn ákveðið að hluthafar geti tekið þátt í aðalfundi félagsins rafrænt, þ.m.t. greitt atkvæði, án þess að vera á staðnum. Jafngildir innslegið auðkenni í Lumi AGM undirskrift viðkomandi hluthafa og telst staðfesting á þátttöku hans á fundinum.